



18. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Mánudagur 10. ágúst 2026 kl. 17:00 – Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Herbert Arnarson (HA) varaformaður, Einar Hannesson (EH) gjaldkeri, Jón Bender (JB), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK),

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

Forföll boðuðu; Sigríður Sigurðardóttir (SS), Ágúst Angantýsson (ÁÁ), Margrét Kara Sturludóttir (MKS) og Hugi Halldórsson (HH)

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hefur verið birt á kki.is

2. Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum

HSJ fór yfir mál til upplýsinga.

3. Fjármál – 6 mánaða uppgjör

Farið yfir sex mánaða uppgjör. Reksturinn hefur verið í samræmi við áætlun en framundan eru júlí og ágúst sem eru að jafnaði þungir í kostnaði.

4. Framkvæmdir á skrifstofu

Framkvæmdir á skrifstofu ganga hægar en vonast var eftir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki seinni hluta september eins og staðan er núna.

5. Staðan á viðræðum KKÍ og KKDÍ

KA fór yfir stöðuna á viðræðum við KKDÍ varðandi nýjan samning um kjör og skyldur dómara. Samningsdrög liggja fyrir og vonast er til að hægt sé að klára samning innan ekki of langs tíma.

6. Leyfiskerfi efstu deildar

Engar athugasemdir hafa borist eftir að uppfært Leyfiskerfi var sent til félaganna. Góðar umræður um Leyfiskerfið almennt.

7. Landsliðs-og afreksmál

Það hefur verið að af nægu að taka í sumar af verkefnum allra landsliða okkar. Góður árangur yngri landsliða okkar hefur vakið verðskuldaða athygli.

Næsta sumar mun Ísland eiga þrjú lið (U16 drengir, U20 karla og U20 kvenna) í A-deild EM yngri liða af sex mögulegum liðum sem er mjög góður árangur og einungis bestu lið álfunnar geta státað af betri árangri.

U15 drengja

3.sæti á Nordic Open í Kisakallio í Finnlandi 3. -6. ágúst (4 þjóðir í heild)

U15 stúlkna

2.sæti á Nordic Open í Kisakallio í Finnlandi 3. - 6. ágúst (4 þjóðir í heild)

U16 drengja

EM:

2.sæti B-deildar EuroBasket í Gevgalija/Skopje í N-Makedóníu 6. - 15. ágúst = 18. besta lið Evrópu - leika í A-deild 2027 (16 þjóðir í A-deild, 24 í B-deild og 7 þjóðir í C-deild, 47 þjóðir í heildina).

Atli Freyr Haraldsson Katrínarson valinn í úrvalslið EM

NM:

3.sæti á NM í Kisakallio í Finnlandi 3. - 8. Júlí (6 þjóðir í heild)

Davíð Breki Antonsson valinn í úrvalslið NM

U16 stúlkna

EM:

2. sæti B-deildar EuroBasket í Ioannina í Grikklandi 6. - 11. ágúst. T3 hluti. 20. - 22. besta lið Evrópu (16 þjóðir í A-deild, 19 þjóðir í B-deild og 7 þjóðir í C-deild, 42 þjóðir í heildina)

Berglind Katla Hlynsdóttir valin best í T3.

NM:

4. sæti á NM í Södertalje í Svíþjóð 25. - 30. Júní

U18 drengja

EM: 15. sæti B-deildar EuroBasket í Rijeka/Opatija í Króatíu 24. júlí -2. ágúst 31. besta lið Evrópu (16 þjóðir í A-deild, 24 þjóðir í B-deild og 6 þjóðir í C-deild, 46 þjóðir í heildina)

NM:

3. sæti á NM í Södertalje í Svíþjóð 25. - 30. Júní (6 þjóðir í heild)

Patrik Joe Birmingham valinn í úrvalslið NM

U18 stúlkna

EM:

5. sæti B-deildar EuroBasket í Tulcea í Rúmeníu 31. júl - 9. ágúst 21. besta lið Evrópu (16 þjóðir í A-deild, 20 í B-deild og 7 í C-deild, 43 þjóðir í heildina)

NM: 3. sæti á NM í Södertalje í Svíþjóð 25. - 30. júní (6 þjóðir í heild)

Arnheiður Ólafsdóttir valin í úrvalslið NM

U20 karla

EM:

2.sæti B-deildar EuroBasket í Bratislava 10.-19.júlí 18. besta lið Evrópu - leika í A-deild 2027

(16 þjóðir í A-deild og 21 í B-deild, 37 þjóðir í heildina)

Viktor Jónas Lúðvíksson valinn í úrvalslið mótsins

U20 kvenna

EM:

12.sæti A-deildar EuroBasket í Alytus í Litháen 4.-12.júlí 12. besta lið Evrópu - halda sæti sínu í A-deild 2027 (16 þjóðir í A-deild og 14 þjóðir í B-deild, 30 þjóðir í heildina) Berglind Katla Hlynsdóttir (einnig leikmaður U16) tilnefnd sem topp 10 leikmaður mótsins

Hjá kvennalandsliðinu eru framundan tveir æfingarleikir við Portúgal 21. og 22. ágúst. Karlalandsliðið spilar tvo leiki í undankeppni HM í lok ágúst, fyrri leikurinn er útileikur við Serbíu og svo heimaleikur við Tyrkland. Fyrir leikinn við Serbíu verður spilaður æfingarleikur við Finnland í Helsinki.

8. Kynningar/upplýsingar frá nefndum

Farið yfir starf nefnda

9. Næsti stjórnarfundur

Miðvikudaginn 2. september kl.17:00

10. Önnur mál

Fundi slitið kl.19.15